

Greiðsludreifing, leiðbeiningar.

Almennt

- Dagsetning samnings um greiðsludreifingu á að vera sú sama og dagsetning viðskiptanna, þ.e. þegar lyfin eru afhent.
- Dagsetning samnings á að vera á formattinu: dd.mm.áááá.
- Vinsamlegast vistið kröfuskjöl undir nafni apóteks (og útibús) og dagsetningu sendingar kröfuskjals til SÍ.
- Tilvísunin (fyrir neðan nafn og kennitölu apóteks) á kröfuskjalinu þarf að vera einkvæm. Best er að hafa dagsetningu sendingar kröfuskjalsins til SÍ og senda í mesta lagi eitt kröfuskjal hvern dag.
- Það er ágætt að senda einungis eitt kröfuskjal í hverjum tölvupósti.
- Vinsamlegast athugið að kröfuskjalið er ígildi reiknings frá apótekinu. Nauðsynlegt er að vanda útfyllingu þess og skrá upplýsingar nákvæmlega inn á það, kennitölur, fjárhæðir, fjölskyldumerkingu og dagsetningu samningsins.
- Sérstök athygli er vakin á því að greiðsludreifing nær eingöngu til lyfja með greiðslupátttöku Sjúkratrygginga Íslands.

Greiðsludreifing lyfjakaupa vegna barna

- Það er einungis hægt að gera einn greiðsludreifingarsamning fyrir börn (alsystkin, hálsystkin, stjúpustkin) á sama lögheimili.
- Ekki er heimilt að steypa saman greiðsludreifingu barns og forráðamanni þess á einn samning, heldur verður að gera tvo samninga og hvor um sig þarf að uppfylla ákvæði rammamningsins.
- Til að halda utan um greiðslustöðu barna á sama lögheimili þá þarf að skrá svokallaða fjölskyldukennitölu á samning um greiðsludreifingu og kröfuskjal. Ef forráðamenn barns eru tveir þá er sá sem er eldri og hefur svokallaða fjölskyldukennitölu, skuldari greiðsludreifingar barna sem búa á heimili hans. Maka hans er heimilt að undirrita samning um greiðsludreifingu barna fyrir hönd þess sem er með fjölskyldukennitöluna án umboðs. Aðrir þurfa umboð frá forráðamanni með fjölskyldukennitölu.
- Í dálknum „Fjölskyldumerking“ í kröfuskjali skal merkja 1 ef greiðsludreifingarsamningur er vegna barns en 0 ef lyfjakaupandi er fullorðinn einstaklingur.

Annað

- Vinsamlegast athugið, í lið 9, á eyðublöðum grunnsamnings og viðbótarsamnings, er beðið um númer beiðnar um greiðslupátttöku. **Það er óþarfi að setja þetta númer inn í samningana og annars staðar þar sem beðið er um einkvæmt númer viðskipta.**
- Kröfur sem eru stofnaðar skv. samningum verða birtar í heimabanka viðkomandi. Sjúkratryggingar Íslands senda greiðsluseðla í pósti.